



Skýrsla um sjóslýs

Málnr.: **23082S038 HIökk ST 66**

Dags: **19 desember 2023**

Staður: **Hólmavík**

Lýsing: **Ásigling á hafnargarð**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt:

Þann 19. desember 2023 kl. 04:50 var línubáturinn Hlökk á leið til hafnar í Hólmavík. Þegar stutt var til hafnar var bátnum beygt til stjórnborða og sigldi á hafnargarðinn austan við innsiglinguna inn í höfnina. Þrjár skipverjar voru um borð en enginn meiddist alvarlega. Nokkrar skemmdir urðu á bátinn. Veður: logn með þéttri snjókomu og lélegu skyggni.

Helstu staðreyndir:

Skipaskr.nr. 2696

Útgerð: Vissa útgerð ehf.

Smíðaður: Hafnarfirði 2006

Stærð: 15 BT

Mesta lengd: 12,33 m *Skráð lengd:* 11,35 m

Breidd: 3,75 m *Dýpt:* 1,42 m

Vél: Yanmar 2006 314 kW

Fjöldi skipverja: 3



Gögn:

Gögn LHG

Gögn RNSA

Báturinn var búinn ratsjá og siglingatölvu af gerðinni TIMEZERO sjá mynd 1.



Mynd 1

Veður:

Þann 19. desember var SV átt 4-6 m/s og gekk á með éljum. Mynd 2.




Mynd 2

Atvikalýsing:

Báturinn var búinn að vera á veiðum frá aðfaranótt mánudagsins 18. desember en hann hafði komið inn til millilöndunar kl. 17 þann sama dag og hélt til veiða fljótlega. Skipverjar voru því búnir að vera að störfum í sólarhring með hléum. Um borð var vaktafyrirkomulag þar sem hver skipverji fékk þriggja tíma hvíld og síðan sex tíma vakt.

Skipstjórinn tók við stjórn um miðnætti og var því búinn að vera vakandi í tæpa fimm klukkutíma þegar atvikið varð. Í framburði skipstjórans kom fram hann hefði verið með kveikt á ljóskösturum bátsins og leitarljósum sem hefðu sennilega truflað og að snjókoman sem var mikil hefði endurvarpað birtunni af kösturunum. Hann hafi því ekki haft nægjanlega sýn.

Þennan dag voru hafngarðar snævi þaktir en sjó braut á grynningu við höfnina sem heitir Árnaklakkur. Sjá mynd 3.




Mynd 3

Á mynd 4 sést sjónarhorn hafnarinnar í Hólmavík frá suðri.




Mynd 4

Mynd 5 sýnir siglingu Hlakkar og á dýpiskorti (mynd 6) sést nákvæm staðsetning þar sem Hlökk beygir til norðurs.



Mynd 5



Mynd 6

Hlökk beygir til norðurs.

Þegar reiknuð var út sjávarstaða þann 19. desember kl. 04:47 má áætla að sjávarhæð hafið verið einn metri yfir stórstraumsfjöru.

Í framburði skipstjóra kom fram að þar sem braut á Árnaklakki hafi engan snjó fest þar og hafi honum sýnst eins og að hann hafi verið að fara fyrir hafnargarðinn og beygði því bátnum inn á höfnina.

Skipstjórinn varð var við að hann stefndi á hafnargarðinn þegar 30 metrar voru í hann og dró samstundis úr ferð en tókst ekki að afstýra ásiglingunni.

Báturinn varð fyrir talsverðum skemmdum við ásiglinguna. Sjá viðauka.

Samkvæmt ákvæðum lögskráningarlaga áttu að vera lögskráðir auk skipstjóra smáskipavélavörður og stýrimaður. Einungis skipstjóri var lögskráður hinir tveir voru skráðir sem hásetar þó þeir hafi haft réttindi til að gegna stöðunum.

Greining:

Hlökk sigldi frá því að veiðum lauk á u.þ.b. 9,5 hnúta ferð að þeim tíma þegar báturinn beygir.

Á mynd 1 sést að siglingatölva bátsins sýndi rétta leið inn í höfnina í Hólmavík.

Veður, snjókoma með éljum, truflaði að öllum líkindum athygli skipstjóra sem horfði fram fyrir sig við siglinguna til hafnar án þess að fylgjast með siglingatölvu bátsins.

Niðurstaða:

Örsök ásiglingarinnar var að skipstjórinn misreiknaði staðsetningu bátsins við innsiglingu til hafnarinnar og sigldi á of mikilli ferð miðað við aðstæður.

Guðmundur Freyr Úlfarsson, Geirþrúður Alfreðsdóttir, Hilmar Snorrason, Pálmi Jónsson, Hjörtur Emilsson og Jón Finnbjörnsson

Viðauki



Mynd 7 skemmdir á stefni Hlakkar



Mynd 8 skemmdir á botni Hlakkar fyrir miðju



Mynd 9 skemmdir á skrúfu og stýri